

Upplýsingar um LJÓ SABÚNAÐ BIFREIÐA

Almennt:

Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja eru settar strangar reglur um ljósabúnað bifreiða. Nákvæmlega er skilgreint hvað sé skylt að hafa (áskilin ljósker) og hvaða má hafa (leyfð ljósker). Önnur ljósker eru bönnuð, hvort sem þau virka eða ekki. Hér er stiklað á stóru um ljósabúnaðinn og helstu atriða getið. Breytingar hafa orðið á kröfunum til ljósabúnaðar undanfarin ár og neðangreindar reglur gilda nú en hugsanlega hafa aðrar reglur gilt áður. Óvarlegt er því að nota upplýsingablað til annars en fróðleiks, ætíð ber að afla nákvæmra upplýsinga áður en ljósker eru sett á bifreið eða ljósum breytt. Allar upplýsingar fást í skoðunarstöðvum Frumherja hf. um land allt.

Tegundir ljósa (litur, staðsetning, tenging og gerð):

- Aðalljós (lág):** Hvít eða gul. Staðsett framan á, mest 40 cm frá ystu brún, hæð milli 50 og 120 cm og minnst 60 cm bil á milli (þó 40 cm ef breidd bíls er innan við 1,30 m). Tengd í gegnum stöðuljós. Ljósker og perur skulu vera gerðarviðurkennd (e-, E- eða DOT-merkt).
- Aðalljós (há):** Hvít eða gul. Staðsett framan á og ekki nær ystu brún en ljósker fyrir láguljós. Aukaljós skulu tengd með öðrum háljósum og má aðeins eitt aukaljósapar/stakt ljós loga í einu (rofi sem skiptir á milli). Ljósker og perur skulu vera gerðarviðurkennd (e-, E- eða DOT-merkt).
- Stöðuljós:** Hvít framvísandi (mega vera rauðgul á bílum frá N-Ameríku) og rauð afturvísandi. Staðsetning mest 40 cm frá ystu brún og afturvísandi mest 50 cm frá öftustu brún. Hæð milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar).
- Hemlaljós:** Rauð. Staðsett að aftan, hæð milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar) og minnst 60 cm bil á milli (þó 40 cm ef breidd bíls er innan við 1,30 m). Miðuljóska má aldrei vera lægra en önnur hemlaljóska (lágmarkshæð er þó 85 cm og það má ekki vera lægra en 15 cm neðan við neðri brún afturrúðu).
- Stefnuljós:** Rauðgul (mega vera rauð að aftan á bílum frá N-Ameríku). Fram- og afturvísandi staðsett að framan og aftan, mest 40 cm frá ystu brún, minnst 60 cm á milli (þó 40 cm ef breidd bíls er minni en 1,30 m), og hæð skal vera milli 35 og 150 cm (þó mest 210 cm v/lögunar). Hliðarvísandi mega vera sambyggð framvísandi ljósum en hæð sérbyggðra skal vera milli 50 og 150 cm (þó mest 230 cm v/lögunar) og fjarlægð frá framenda mest 180 cm.
- Númeraljós:** Hvít að lit sem lýsa upp númeraplötu að aftan. Tengd með stöðuljósum.
- Bakkljós:** Hvít að lit, staðsett að aftan. Hæð milli 25 og 120 cm. Tengd í gegnum lykilrofa og mega kvikna með bakkgríp, hreyfingu afturábak eða með sérstökum rofa.
- Þokuafturljós:** Rauð. Staðsett að aftan, hæð milli 25 og 100 cm og í minnst 10 cm fjarlægð frá hemlaljóska. Tengd í gegnum aðalljós og/eða þokuljós.
- Breiddarljós:** Hvít framvísandi og rauð afturvísandi. Staðsett svo hátt sem hægt er (framvísandi alltaf ofan við efri brún framrúðu) og mest 40 cm frá ystu brún. Fram- og afturvísandi ljósker mega vera sambyggð í einu ljóskari ef ákvæði um dreifingu ljóssins eru uppfyllt. Tengd með stöðuljósum.
- Hliðarljós:** Gul eða rauðgul (aftasta má vera rautt á bílum frá N-Ameríku). Staðsett mest 3 m frá framenda, mest 1 m frá afturenda, mest 3 m á milli, og hæð skal vera á milli 25 og 90 cm (þó mest 150 cm v/lögunar)) Á miðþriðjungi bíls skal vera a.m.k. eitt ljósker. Tengd með stöðuljósum.
- Pokuljós:** Hvít eða gul. Staðsett framan á, hæð að lágmarki 25 cm en ekki hærra en láguljóska, og fjarlægð frá ystu brún mest 40 cm. Tengd í gegnum stöðuljós. Ljósker og perur skulu vera gerðarviðurkennd (e-, E- eða DOT-merkt).
- Aðgrein.ljós:** Hvít að framan og rauð að aftan (framvísandi mega vera rauðgul á bílum frá N-Ameríku og Kanada). Staðsett svo hátt sem hægt er, þrjú í röð sem næst miðlínu bílsins með 15 til 30 cm bil á milli hverra tveggja ljóskera. Tengd með stöðuljósum.
- Ljósastarar:** Hvítir eða gulir og lýsa fram á við. Geisli má vera tvískiptur. Tengdir í gegnum háljós (þó í gegnum stöðuljós á breyttum torfærubílum, ekki krafa um gerðarviðurkenningu).
- Leitarljós:** Hvít eða gul. Staðsett þannig að það geti hreyfst óháð akstursstefnu og stillanlegt innan úr bíl. Tengd í gegnum stöðuljós.
- Vinnuljós:** Hvít. Staðsett þannig að þau geti lýst til hliðar, niður eða aftur og eru stillanleg. Tengd í gegnum stöðuljós.
- Dagljós:** Hvít eða gul sérstök dagljósker. Ljóskarin mega vera tengd afturvísandi og/eða framvísandi stöðuljóskerum og skulu slokka þegar kveikt er á stöðuljósum eða aðalljósum.
- Neyðaraksturljós, varúðarljós, hliðarbeygjuljós og upplýsingaljós:** Hægt er að fá nánari upplýsingar í skoðunarstöðvum Frumherja hf.

Ljósabúnaður fólks- og sendibíla:

Fólksbifreið er aðallega gerð fyrir flutning á fólki og er fyrir 8 farþega eða færri, óháð leyfðri heildarþyngd. Sendibifreið er aðallega gerð fyrir flutning á farmi og er mest 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd. Sjá skráningu í skráningarskírteini.

Aðalljós (lág):	Áskilin tvö.
Aðalljós (há):	Áskilin tvö. Aukalega leyfð tvö eða fjögur, eða eitt eða tvö ef um stök ljós er að ræða (eitt aukapar má loga í einu).
Stöðuljós:	Áskilin tvö framvísandi og tvö afturvísandi. Aukalega leyfð tvö framvísandi og tvö afturvísandi.
Hemlaljós:	Áskilin tvö. Eitt miðjuljósker leyft og áskilið á fólksbifreið eftir 01.10.2000.
Stefnuljós:	Áskilin tvö framvísandi, tvö afturvísandi og eitt á hvorri hlið (bifreið frá N-Ameríku sem ekki er meira en 6,0 m að lengd má undanþiggja ákvæðum um stefnuljósker á hlið).
Númeraljós:	Áskilin eitt eða fleiri.
Bakkljós:	Áskilin eitt eða tvö (eftir 01.03.1994).
Pokuafturljós:	Áskilin eitt eða tvö (eftir 01.01.1999).
Breiddarljós:	Áskilin tvö framvísandi og tvö afturvísandi ef breidd bíls er meiri en 2,1 m (eftir 01.01.2007). Áskilin tvö framvísandi og tvö afturvísandi ef breidd bíls er meiri en 2,3 m (eftir 01.07.1990). Mega vera ef breidd bíls er á milli 1,8 og 2,3 m.
Hliðarljós:	Áskilin á bifreið sem er lengri en 6,0 m en annars leyfð.
Pokuljós:	Leyfð tvö.
Aðgrein.ljós:	Á sendibílum eru leyfð þrjú framvísandi og þrjú afturvísandi. Ekki leyfð á fólksbílum.
Ljósastarar:	Leyfður einn eða tveir ef <u>breytt bifreið eða torfærubifreið</u> . (ekki krafa um gerðarviðurkenningu)
Leitarljós:	Leyft eitt.
Vinnuljós:	Leyfð eitt eða fleiri.
Dagljós:	Leyfð tvö.

Ljósabúnaður vöru- og hópbíla:

Vörubifreið er aðallega til flutnings á farmi og er yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd. Hópbílar eru allir bílar sem skráðir eru fyrir fleiri farþega en 8 óháð leyfðri heildarþyngd. Sjá skráningu í skráningarskírteini.

Aðalljós (lág):	Áskilin tvö.
Aðalljós (há):	Áskilin tvö. Aukalega leyfð tvö eða fjögur, eða eitt eða tvö ef um stök ljós er að ræða (eitt aukapar má loga í einu).
Stöðuljós:	Áskilin tvö framvísandi og tvö afturvísandi. Aukalega leyfð tvö framvísandi og tvö eða fjögur afturvísandi.
Hemlaljós:	Áskilin tvö. Aukalega leyfð tvö og miðjuljósker.
Stefnuljós:	Áskilin tvö framvísandi, tvö afturvísandi og eitt á hvorri hlið (bifreið frá N-Ameríku sem ekki er meira en 6,0 m að lengd má undanþiggja ákvæðum um stefnuljósker á hlið). Aukalega leyfð tvö framvísandi og/eða tvö eða fjögur afturvísandi og/eða eitt á hvorri hlið.
Númeraljós:	Áskilin eitt eða fleiri.
Bakkljós:	Áskilin eitt eða tvö (eftir 01.03.1994).
Pokuafturljós:	Áskilin eitt eða tvö (eftir 01.01.1999).
Breiddarljós:	Áskilin tvö framvísandi og tvö afturvísandi ef breidd bíls er meiri en 2,3 m. Mega vera ef breidd bíls er á milli 1,8 og 2,3 m. Aukalega leyfð tvö framvísandi og/eða tvö afturvísandi ef breidd bíls er yfir 2,3 m.
Hliðarljós:	Áskilin á bifreið sem er lengri en 6,0 m en annars leyfð.
Pokuljós:	Leyfð tvö.
Aðgrein.ljós:	Leyfð þrjú framvísandi og þrjú afturvísandi.
Ljósastarar:	Leyft eitt par, eða eitt stakt. (ekki krafa um gerðarviðurkenningu)
Leitarljós:	Leyft eitt.
Vinnuljós:	Leyfð eitt eða fleiri.
Dagljós:	Leyfð tvö.

Hvar finn ég reglurnar?

Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/efir-raduneytum/srn/nr/3749>